

Fundargerð samráðshóps SSH um velferðarmál – 25. fundur 2024

Dagsetning fundar: 22.05.2024

Tímasetning fundar: 08.30-10.00

Fundarstaður: Hamraborg

Viðstaddir: Sigurbjörg Fjölisdóttir og Kristbjörg Hjaltadóttir frá Mosfellsbæ, Svanhildur Þengilsdóttir frá Garðabæ, Sigrún Þórarinsdóttir frá Kópavogi og Guðlaug Ósk Gísladóttir frá Hafnarfirði.

Gestir: Selma Árnadóttir og Jón Axel Pétursson Múlalundi undir lið nr. 1.

Kristbjörg Hjaltadóttir ritaði fundargerð.

1. Breyting á starfsemi Múlalundar

Fulltrúar Múlalundar áttu samtalið við hópinn vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsemi þeirra um áramót. Fyrirhugaðar breytingar eru tilkomnar vegna tillagna frá starfshópi um aukin náms og starfstækifæri fyrir fatlað fólk sem félags- og vinnumálaráðuneyti setti á fót. Þrjátíu fatlaðir starfsmenn voru í starfi hjá Múlalundi, þar af hafa atvinnutilboð staðið til boða fyrir sjö af þeim starfsmönnum á almennum vinnumarkaði. Rætt um möguleika á samstarfi við sveitarfélögin með tilliti til þess hvort hægt sé að reka Múlalund sem starfsþjálfunarstað og/eða hæfingarstöð.

Bókun

Málið verður rætt áfram innan samráðshópsins með tilliti til fyrirhugaðra breytinga Múlalundar um áramótin.

2. Samræmd móttaka, húsnæðisliður kröfulýsingar

Rætt um húsnæðislið kröfulýsingar samanber 18. lið kafla 2.2.2. þar sem gætt hefur misræmis í þeim upplýsingum sem sveitarfélögum hafa borist samkvæmt þessum lið sem er hið sama og kemur fram í skýrslu GEV.

Bókun

Hópurinn hefur miklar áhyggjur af því misræmi er varðar þetta ákvæði. Sigurbjörg sendir á hópinn svar félags- og vinnumálaráðuneytis varðandi beiðni Mosfellsbæjar um virkjun húsnæðisliðar.

3. Sameiginleg akstursþjónusta, breytingar á gjaldskrá og staða á samþykktum

Farið yfir stöðu á samþykktum í sveitarfélögum varðandi breytingu á gjaldskrá akstursþjónustunnar. Garðabær hefur lagt málið fyrir bæjarráð og var bæjarstjóra falið að sinna útfærslu. Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytinguna en Kópavogur og Hafnarfjörður hafa ekki tekið málið fyrir hjá sér. Fulltrúar Reykjavíkurborgar og Seltjarnarness sátu ekki fundinn.

Bókun

Rætt

4. Samhjálp vetraropnun, skýrsla

Frestað

5. Innra eftirlit í þjónustu við fatlað fólk og framlög úr jöfnunarsjóði

Rætt um greiðslur úr jöfnunarsjóði vegna innra eftirlits í þjónustu við fatlað fólk. Sveitarfélögin hafa hingað til fengið greiddan kostnað vegna innra eftirlits. Greiðslur vegna árunna 2022 og 2023 hafa hins vegar ekki fengist samþykktar.

Bókun

Samþykkt að Kópavogur kalli eftir skriflegu svari frá Jöfnunarsjóði vegna fjármagns innra eftirlits fyrir árin 2022 og 2023. Formaður mun óska eftir því að fulltrúi Jöfnunarsjóðs muni mæta á næsta fund.

6. Fundargerðir Fjölsmiðjunnar lagðar fram , 4.4.

Bókun

Lagt fram.

7. Fundargerðir ráðgjafateymis lagðar fram, 12.3, 19.3, 2.4, 16.4, 30.4 og 14.5.

Bókun

Lagt fram.

Fundi slitið kl 10:23